

Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.  
Grindavíkurbær  
Víkurbraut 62  
240 Grindavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 19. janúar 2016  
UST201601-064/K.S.J.  
10.04.02

**Efni: Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Grindavíkurbæjar, stækkun iðnaðarsvæðis i7.**

Vísað er til erindis sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs er barst 8. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Grindavíkurbæjar er varðar stækkun iðnaðarsvæðis i7.

Gerð er tillaga um breytingu á aðalskipulagi sem felst í því að iðnaðarsvæði i7 þar sem fiskeldi Íslandsbleikju er staðsett, verður stækkað. Fram kemur í lýsingu að iðnaðarsvæðið mun stækka inn á svæði sem skilgreint er í gildandi aðalskipulagi sem óbyggt svæði og svæði á náttúruminjaskrá.

**Náttúruminjar**


Svæði á náttúruminjaskrá sem iðnaðarsvæði mun stækka inn á er nr. 105 í skránni og þar segir um svæðið: „*Strandsvæði vestan Grindavíkur. Strandlengjan frá Litlubót, ásamt Gerðavallabrunnum, vestur að Stekkjarnefi. Fjörur, fjölbreyttur strandgróður og fjölskrúðugt dýralíf. Djúpar vatnsfylltar gjár, athyglisverður hraunkantur með sjávartjörnum.*“ Umhverfisstofnun bendir á að verndargildi svæðisins felst í fjölbreytni strandsvæðisins. Í 37. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að: „*Forðast ber að raska svæðum eða náttúrumyndunum sem skráðar hafa verið á C-hluta náttúruminjaskrár nema almannahagsmunir krefjist þess og annarra kosta hafi verið leitað.*“


Í forsendum lýsingar er vitnað í Hvítbók um náttúruvernd og hvað þar segir um svæði á náttúruminjaskrá.

Umhverfisstofnun bendir á að í lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd m.s.br. segir í gr. 68: „*Gerð skipulagsáætlana: Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar og viðkomandi náttúruverndarnefnda við gerð svæðis- og aðalskipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim. Við gerð deiliskipulags á náttúruverndarsvæðum, á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. og frummatsskýrslu framkvæmdaraðila vegna mats á umhverfisáhrifum skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefnda.*“

Að mati Umhverfisstofnunar þarf að sýna aðgæslu á svæði á náttúruinjakrá og að haga þarf áætlunum þannig að svæðið haldi verndargildi sínu eins og kostur er. Einnig er mikilvægt að mati stofnunarinnar að almenningur geti haft aðgengi meðfram sjónum eins og kostur er.

Virðingarfyllt

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Aðalbjörg B Guttormsdóttir  
Teymisstjóri